

Þinggerð 15. Sambandsþings Íþróttasambands fatlaðra **haldið á Hótel Selfossi**

2. apríl 2011

1. Þingsetning

- Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála- og afrekssviðs ÍF bauð alla velkomna.
- Anna Sigurveig Ólafsdóttir, 10 ára stelpa á einhverfurófi úr Flóahreppi lék þrjú lög á píanó við setningarathöfn þingsins. Anna hefur einnig æft sund með Íþróttafélaginu Suðra á Selfossi. Ingibjörg Birgisdóttir píanókennari Önnu var henni til halds og trausts en Anna hefur lært á píanó í tæp tvö ár.
- Ólafur Magnússon bauð síðan Sveini Áka Lúðvíkssyni formanni ÍF að setja þingið.
- Ávarp Sveins Áka Lúðvíkssonar, formanns ÍF

Forseti Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Ólafur Rafnsson, Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri sveitafélagsins Árborgar Aðrir virðulegu gestir og félagar.

Hér fer fram í dag 15. sambandsþing Íþróttasambands fatlaðra.

Mér er það mikil ánægja og heiður að bjóða ykkur öll velkomin til þessa þings hér á Hótel Selfossi, í hjarta sunnlenskrar menningar, í bæjarfélagi sem byggir afkomu sína á þjónustu og menningu við sveitirnar í kring, bæjarfélag sem á rætur að rekja til landnáms Ingólfs Arnarsonar, en fær veigamiknið hlutverk með tilkomu Ölfusárbrúar og verður í fararbroddi margra sunnlenskra bæja með uppbyggingu framleiðslu- og þjónustustarfa.

Síðasta þing ÍF sem haldið var á Radisson SAS, Hótel Sögu, var hluti af 30 ára afmælishátíð sambandsins. Sú hátíð sem stóð yfir allt árið heppnaðist mjög vel og var margt gert til að vekja athygli á okkar starfi, bæði innan raða fatlaðra sem og allra landsmanna. Hápunktur hátíðahaldanna var svo Evrópumeistaramótið í sundi sem meira að segja vakti athygli á getu Íslendinga, ekki einungis í keppni sem var vel þekkt, heldur einnig getunni til að halda svo viðamiknið alþjóðlegt mót, með svo miklum sóma.

En þó ég fagni því að sjá ykkur öll hér saman komin til að taka þátt í framtíðarstefnu ÍF, er það því miður svo að við sjáum ekki alla þá hér sem við vildum hafa haft með okkur. Óvenju margir

okkar góðu félagi hafa farið yfir móðuna miklu frá síðasta sambandsþingi og lagt upp í sitt hinsta ferðalag til austursins eilífa og er okkur mikill eftirsjá af þeim.

Sumir kvöddu okkur án nokkurs fyrirvara en aðrir höfðu háð hetjulega baráttu við alvarlega sjúkdóma.

Þessir aðilar eru:

Leifur Karlsson IFR

Hörður Barðdal IFR og stjórnarmaður ÍF sem og starfandi í ýmsum nefndum

Aðalsteinn Friðjónsson, Akri

Ívar Örn Guðmundsson, ÍFR

Sigmundur Erlingur Ingimarsson, Þjóti

Erlingur Þ. Jóhannsson, landliðsþjálfari, sundþjálfari og stjórnarmaður ÍF með meiru

Einar Trausti Sveinsson, landsliðskeppandi í frjálsum íþróttum, bronsverðlaunahafi á

Heimsmeistaramóti fatlaðra í England 1998 og keppandi á Ólympíumóti fatlaðra í Sydney árið 2000

Nú síðast lést heiðursfélagi og fyrsti formaður Íþróttasambands fatlaðra, Sigurður Magnússon sem var borinn til grafar í gær. Hann má með sanni kalla guðföður íþróttu fatlaðra og var hann alla tíð vakinn og sofinn yfir gangi mála innan sambandsins.

Einnig lést Össur Aðalsteinsson sem var mikill velgjörðarmaður ÍF og m.a. gefandi Guðrúnarbikarsins.

Vil ég biðja þinggesti, sem það geta, að rísa úr sætum og votta minningu þessara látnu félagi virðingu.

Takk

Eins og ávallt á milli þinga hefur margt gerst sem vert er að minnast á.

Það má sjá á skýrslu stjórnar sem liggur fyrir þingfulltrúum að ekki voru störfin minni á líðandi starfstímabili en oftast áður, þó aðstæður í þjóðfélaginu hafi ekki verið með sama hætti, enda má minnast á að á síðastliðnu ári var í fyrsta sinn halli á starfi ÍF síðan ég tók við sem formaður. Kostnaður við ferðalög og keppnisferðir hefur hækkað verulega og á sama tíma hafa tekjur sambandsins dregist töluvert saman. Munar þar mest um fjárlög frá ríkinu sem og nokkrir styrkir sem hafa minnkað eða horfið. Má þar nefna sérstaklega að styrkur fjárveitingavaldsins til Ólympíustarfsins hefur þurrkast út, alla vega í bili og munar um minna. Gerist þetta á sama tíma og við hófum keppni á vetrarólympíumótum, með frábærri frammistöðu Ernu Friðriksdóttur á vetrarólympíumóti fatlaðra sem fór fram í Whistler og Vancouver í Kanada í mars 2010.

Ekki vil ég þó að þingfulltrúar taki orð mín svo að sambandið sé í slæmum málum, það sést í ársreikningum að varkárni í fjármálum og söfnun til mögru árana hefur komið sér vel og gott að geta gripið til varasjóða til að ekki hafi þurft að draga úr hinu eiginlega starfi ÍF. En það mun ekki verða gott mál ef fleiri ár líða þar sem starf og fjármál ÍF ná ekki saman og verður sambandið að taka tillit til þess við framkvæmdir sínar. Ef við horfum á þjóðfélagið eins og það

er í dag og það var við upphaf síðasta starfstímabils er ástandið í Þjóðfélaginu gjörólíkt, þó vonandi hafi eitthvað þokast í rétta átt. Við sem höfum setið í stjórn þetta kjörtímabil höfum öll verið einhuga að gera sem mest við gátum til að fatlaðir íslenskir iðkendur og keppendur þurfi ekki að dragast aftur úr þeim framförum sem eiga sér stað í íþróttum fatlaðra í öllum þeim íþróttagreinum sem við leggjum stund á.

Það hefur komið fram í gögnum frá ríkinu og á sérstökum fundum sem ÍSÍ hefur haldið þar á meðal með núverandi menntamálaráðherra, að skipting ráðuneytisins á því fjármagni sem veitt er til menningar og íþróttamála er misskipt. Kostnaður við listir og menningu er um 90% af fjárveitingu ráðuneytisins og íþróttá- og tólmundastarf fær einungis 10%. Samt erum við að tala um 140,000 þátttakendur eða helming þjóðarinnar sem kemur að íþróttunum og ég tala ekki um forvarnargildið sem íþróttir hafa. Hjá fötludum hafa íþróttir enn meiri þýðingu vegna þarfarinnar á að fatlaðir fái hreyfingu og félagslegt gildi sem íþróttirnar geta veitt. Það hafa heyrst þær raddir innan listageirans að þeir telji að þeir eigi að fá hluta af lottó peningunum, er þá ekki bara réttast að setja þetta allt í einn pott og skipta því eftir þátttakenda fjölda?

En það hefur einnig verið í umræðunni undanfarið hvernig þeir ráðamenn er stýra mennta- og félagslegri aðstöðu fatlaðra og þá sérstaklega þeirra sem búa við skerta greind, fara að ráðum sínum. Það er furðulegt að þessir einstaklingar fái ekki að ráða hvort þeir lifi, læri og leiki sér meðal jafningja og það er forkastanlegt að þeir þurfi ávallt að lifa við þá tilfinningu að þeir séu ekki eins góðir og aðrir. Mér finnst að þjóðfélagið eigi að minnsta kosti að sjá sóma sinn í að þeir geti að minnsta kosti valið hvaða leið þeir finna sig best í.

Miðað við þennan niðurskurð og samdrátt, þurfti því kjark og áræðni til að takast á við það stórvirki að halda Evrópumeistaramótið í sundi í Laugardalslauginni á haustdögum 2009. Það er samdóma álit þeirra sem tóku þátt í þessu móti að það hafi tekist einstaklega vel og hjálpaðist þar allt að, góð aðstaða í Laugardalnum, stuðningur ríkisins og Reykjavíkurborgar. Jafnvel hinn hæstráðandi sem öllu stjórnar, sá til þess að veður var gott, þótt mótið færi fram í október þegar búast mátti við rysjóttu veðri.

En mest um vert var þó að til undirbúnings og framkvæmda mótsins komu að máli einstaklingar sem kunnu til verka. Þar var í fararbroddi, Ólafur Magnússon framkvæmdastjóri afrekssviðs ÍF. Á honum hvíldi undirbúningur, samræming og tengsl við alla þá sem komu að máli. Ekki síst var hans vinna mikil við aðalstöðvar IPC sem höfðu ekki alltaf sömu innsýn á hvernig hlutir ganga best fyrir á svona stóru móti. Þarna kom berlega í ljós að það eru fleiri en 24 tímar í sólarhringnum hjá Ólafi. Stjórn ÍF hefur falið mér að heiðra Ólaf með gullmerki sambandsins fyrir hans mikilsvirta framlag fyrir ÍF. Vil ég því biðja Ólaf að koma hingað og taka við gullmerkinu.

Önnur verkefni sem sambandið stóð fyrir voru mörg og flest merkileg en ekki ætla ég að nefna öll þessi verkefni í ávarpi mínu, þau eru tíunduð á ársskýrslunni.

Á þessu ári, 2011 er líka margt framundan sem spennandi er og má sjá í fjárhagsáætluninni sem verður lögð fyrir þingið að margt er í boði á vegum sambandsins. Þar mun hæst bera Special Olympics í Grikklandi þar sem stór hópur mun keppa undir merkjum ÍF, norrænt barna- og unglíngamót í Finnlandi sem og æfingabúðir í sundi vegna Ólympíumótsins sem fram fer í London.

Ég get mælt fyrir munn þeirra stjórnarmanna ÍF sem nú eru í stjórn, að það er einhugur á að beina þeim tilmælum til þeirra sem veljast til stjórnar á þessu þingi að halda áfram að leggja áherslu á komandi tímum á uppbyggingu á starfinu innanlands en um leið að missa ekki sjónar á þeim hvata sem ávallt þarf að vera til uppbyggingar íþróttá, þátttaka og frammistaða á stórmótum.

Ég vil nota tækifærið og þakka fráfarandi stjórn, varastjórn, svo og öllu því góða fólki sem setið hefur í hinum fjölmörgu nefndum, framlag þeirra til starfsins, þeirra athugasemdir og innlegg. Án ykkar hefði starfið ekki orðið svona öflugt.

Sérstaklega vil ég þakka Camillu Hallgrímsson varaformanni sambandsins til margra ára og Svövu Árnadóttur sem nú draga sig í hlé frá stjórnarsetu hjá ÍF.

Þessar 2 konur hafa sett svip á stjórnarstarfið og vafalaust væri margt öðruvísi hjá okkur hefði þeirra ekki notið við. Kvenlegt innsæi, fórnfýsi og dugnaður hefur fylgt þeim báðum og þess bera að þakka. Vil ég sérstaklega þakka Camillu öll þau skipti sem hún hefur hlaupið í skarðið fyrir mig þegar ég hef ekki getað staðið mína plikt fyrir sambandið vegna annarra starfa. Er ég henni mjög þakklátur fyrir að hafa alltaf fundið tíma. Ég vil líka fyrir hönd stjórnarinnar biðja ykkur að færa eiginmönnum ykkar okkar þakklæti fyrir þolinmæðina og leyfi frá störum, jafnvel þótt þið hafið á stundum tekið ykkur leyfin án þess að spyrja, þá samþykktu þeir það jafnvel. Langar mig að biðja ykkur Camilla og Svava, að koma hingað upp og þiggja smá þakklætisvott fyrir ykkar störf.

En það er ekki eingöngu stjórn sem kemur að máli. Við höfum verið lánsöm að hafa sama starfsfólk og áður sem hefur starfað lengi á skrifstofu ÍF. Þeirra þekking og trúmennska verður seint fullþökkuð. Vil ég því fyrir hönd stjórnar færa þeim okkar bestu þakkir fyrir þeirra störf.

Sem ritstjóri Hvata, tímarits okkar, vil ég minnst aðeins á útkomu blaðsins.

Hvati er lifandi blað og við erum að reyna að láta það fylgja tíðarandanum, bæði með efni og útliti. Þar sem við erum svo heppin að Jón Björn, starfsmaður ÍF, er reyndur blaðamaður, hefur hann tekið að sér að taka viðtölin í Hvata og má strax sjá að meiri fagmennska er komin á blaðið.

Vil ég þakka Jóni Birni hans framlag og áhuga, það er okkur í ritstjórn mikils virði og léttir okkur störfin.

Útgáfa blaðsins hefur gengið upp fjárhagslega og hefur það að meira að segja skilað smá tekjum til sambandsins.

Við lok þessa þings mun ný stjórn taka við störfum og vinna að málefnum íþrótta fatlaðra næstu 2 árin. Hennar bíða ærin verkefni, því eins og þið sjáið á þinggögnum og fjárhagsáætlun, liggja margvísleg málefni sem og tillögur fyrir þessu þingi.

Má þar nefna kynningu á siðareglum sem við fjölluðum aðeins um í gærkvöldi. Siðareglur þó ekki séu bindandi, er eitthvað sem mörg félagssamtök eru að taka upp, því miður stundum af gefnu tilefni.

Það gæti líka verið umræðuefni hvert þjóðfélagið er að stefna að slíkt þurfi að gera.

Góðir gestir, þingfulltrúar, ég óska ykkur farsæls og árangursríks þings og lýsi 15. sambandsþing Íþróttasambands fatlaðra sett.

- Sveinn Áki afhenti Ólafi S. Magnússyni gullmerki ÍF.
- Sveinn Áki afhenti Camillu Th. Hallgrímsson og Svövu Árnadóttur gjafabréf í leikhús sem þakklæti fyrir vel unnin störf til margra ára í stjórn ÍF.
- Hafsteinn Pálsson fékk afhent silfurmerki ÍF fyrir þingstörf í þágu Íþróttasambands fatlaðra.
- Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ fékk afhent gullmerki ÍF.

2. Kosning þingforseta og þingritara

- Borin var upp tillaga stjórnar um þingforseta, Hafstein Pálsson sem var samþykkt samhljóða.
- Borin var upp tillaga um þingritara, Jón Björn Ólafsson og Kristínu Guðmundsdóttur, samþykkt samhljóða.

3. Ávörp gesta.

- Ásta Stefánsdóttir bæjarstjóri Árborgar flutti ávarp.
- Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, flutti kveðjur framkvæmdastjórnar ÍSÍ og afhenti Svövu Árnadóttur gullmerki ÍSÍ.
- Hörður Oddfríðarson formaður SSÍ, afhenti Sveini Áka Lúðvíkssyni gullmerki SSÍ og Kristínu Guðmundsdóttur, silfurmerki SSÍ.
- Kristinn Hannesson kjörumdæmistjóri Lions flutti ávarp.

Þinghlé

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

- Tillaga var gerð um að kjörbréfanefnd skipuðu Kristín Magnúsdóttir, Arnór Pétursson og Þorbjörg Vilhjálmsdóttir. Samþykkt samhljóða. Óskað var eftir því að nefndin tæki strax til starfa.

5. Kosning nefnda

- Tillaga kom fram um að hafa eina málstofu þar sem fjallað verði um þær tillögur sem fyrir lágu í stað þess að starfað verði í nefndum.
- Samþykkt var samhljóða að þingið í heild fjallaði um framkomnar tillögur og fjárhagsáætlun.

6. Lögð fram skýrsla stjórnar (þingskjal 1.0.)

- Ólafur Magnússon og Anna K. Vilhjálmsdóttir, stafsmenn ÍF fóru í stórum dráttum yfir skýrslu stjórnar ÍF sem hafði áður verið send sambandsaðilum.
- Hafsteinn Pálsson þakkaði fyrir flutning skýrslu.
- Hafsteinn Pálsson flutti kveðjur til þingfulltrúa frá Forseta Íslands og Mennta- og menningamálaráðherra.

- Að loknum stöfum Kjörbréfanefndar gerði Þorbjörg Vilhjálmsdóttir talsmaður nefndarinnar grein fyrir störfum hennar.

Kjörbréf frá 10 félögum lágu fyrir.

ÍBA – áttu rétt á 7 fulltrúum – allir mættu

UMSK – áttu rétt á 4 fulltrúum – 1 mætti

ÍRB – áttu rétt á 4 fulltrúum – 3 mættu

ÍA – áttu rétt á 6 fulltrúum – 2 mættu

HSK – áttu rétt á 8 fulltrúum – 5 mættu og 2 varafulltrúar

ÍBV – áttu rétt á 3 fulltrúum – 2 mættu

ÍBH – áttu rétt á 6 fulltrúum – 5 mættu

ÍBR – áttu rétt á 15 fulltrúum – 13 mættu og 2 varafulltrúar

HSV – áttu rétt á 3 fulltrúum – 2 mættu

HSP – áttu rétt á 4 fulltrúum – 2 mættu

46 þingfulltrúar mættir

- Kjörbréfanefnd lagði til að ofangreind kjörbréf verði samþykkt – samþykkt samhljóða.

7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar (þingskjal 2.0.)

- Þórður Árni Hjaltested gjaldkeri ÍF fór í stórum dráttum yfir reikninga sambandsins.
- Opnað fyrir umræður og fyrirspurnir vegna skýrslu stjórnar ÍF og endurskoðaða reikninga.
- Kristín Ósk Óskarsdóttir formaður Ægis lagði fram fyrirspurn varðandi Tvennukort Olís.
- Björn Maríus Jónasson fulltrúi frá Öspinni þakkaði fyrir góða skýrslu og reikninga. Sagði það ekki mjög íslenskt að hafa verið lagt til mögru áranna eins og bersýnilega kæmi fram reikningum.
- Arnór Pétursson þakkaði fyrir greinargóða reikninga. Arnór sagði skýrsluna til fyrirmyndar, þakkaði fyrir þróttmikla og hvetjandi skýrslu og sagði þær viðurkenningar sem veittar væru í upphafi þings vera verðskuldar. Þá bætti Arnór við að skíðaíþróttirnar væru mesti vaxtarbroddur íþróttastarfs fatlaðra á Íslandi.
- Ólafur Ólafsson formaður Aspar þakkaði fyrir góða skýrslu, sagði reikninga sambandsins líta vel út og kvað stöðu sambandsins góða.
- Sveinn Áki Lúðvíksson formaður ÍF tók til máls. Hann bað ÓM að svara fyrirspurn varðandi Olís-kort. Kvað bæði árin á kjörtímabilinu rekin á neikvæðum rekstri og gaf þá skýringu að Stjórn ÍF hafi ekki viljað draga úr verkefnum sambandsins. Þrátt fyrir vissu

um erfiðleika í fjármálum hefi samt verið ákveðið að halda í við setta stefnu í verkefnum sambandsins.

- ÓM tók til máls vegna fyrirspurnar um Olís Kort. Kynnti að Olís byði upp á Tvennukort og greindi frá eðli þeirra og kvaðst ætla að kanna hjá Olís hvaða tekjur kortin hefðu skapað.
- Fleiri tóku ekki til máls.
- Reikningar stjórnar bornir undir atkvæði – samþykkt samhljóða
- Hádegishlé
- Þingstörf hófust að nýju eftir hádegishlé kl. 13:00

8. Lögð fram fjárhagsáætlun (þingskjal 3.0.)

- ÓM, framkvæmdastjóri ÍF gerði grein fyrir fjárhagsáætlunum 2011 og 2012.
- Orðið var gefið laust um fjárhagsáætlun.
- Sveinn Áki Lúðvíksson formaður ÍF, ræddi um áætlunina, kvað það erfitt að gera áætlun í dag miðað við núverandi þjóðfélagsaðstæður.
- Haukur Þorsteinsson formaður Eikar lagði fram fyrirspurn um hver hækkun áætlunarinnar væri á milli ára í prósentum %.
- ÞÁH gjaldkeri Stjórnar ÍF svaraði því til að hækkunin sé innan við 10% eða nákvæmlega 9,2%.
- Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011, samþykkt samhljóða.
- Fjárhagsáætlun fyrir árið 2012, samþykkt samhljóða.

9. Lagðar fram laga- og reglugerðabreytingar sem fram hafa komið.

- Fylgiskjal 4.0: Tillaga lögð fram af stjórn ÍF, viðbætur við grein 8. Stjórn ÍF dregur tillöguna til baka. Samþykkt samhljóða.
- Fylgiskjal 5.0: Tillaga lögð fram af stjórn ÍF, tillaga um leiðbeinandi aldursákvæði. ÞÁH gerði grein fyrir tillögunni. Orðið gefið laust. Arnór Pétursson kvað sér máls og sagði þessa tillögu eðlilega, alltaf væru ákveðnar undantekningar. Áður en þessi undantekning er samþykkt hefur langur ferill átt sér stað. Þorbjörg Vilhjálmsdóttir formaður Suðra spurði hvort eitthvað væri um það í nágrennanalöndum okkar, t.d. á Norðurlöndum í s.b.v. aldursákvæði í verkefnum sérsambanda.

ÓM svaraði fyrirspurn Þorbjargar, ekki hafi verið kannað hjá nágrennalöndum en leitað hefði verið eftir sambærilegum viðmiðunum/reglum hjá öðrum sérsamböndum á Íslandi. Tilagan var samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál og aðrar tillögur sem borist hafa til stjórnar ÍF.

- Engar tillögur bárust.

11. Nefndir starfa

- Þessi liður var felldur niður.

12. Önnur mál

- Kristín Ósk Óskarsdóttir formaður Ægis Vestmanneyjum óskaði eftir að þingfulltrúar hefðu samband við sig varðandi bocciamótið sem fer fram í haust, hún sé með upplýsingar um gistimöguleika.
- Ólafur Magnússon sagði frá siðareglum sambandsins sem Gunnar Einar Steingrímsson og Jóhann Arnarson kynntu á föstudagskvöldi fyrir þingið. Siðareglurnar ekki settar fram til umærðu.
- Karl Þorsteinsson og Ólafur Ólafsson úr Öspinni kynntu að ÍF myndi standa að NM í boccia 2012. Á NM þurfi að vera með tímatöku t.d. á renniflokku. Verið sé að útbúa nýjan búnað vegna verkefnisins sem verði prufukeyrður á Íslandsmótinu í einstaklingskeppni í boccia 2011.
- Karl Þorsteinsson varpaði fram spurningu í sama erindi og að ofan: Eigum við að vera með U flokk á Íslandsmótum, oft og tíðum eldri borgarar í U flokki.
- Arnór, svar við U flokkinn, sjálfsagt að bjóða uppá U flokkinn, oft eru þetta velunnar félaganna. Sigurður Magnússon færði fötluðum íþóttir fatlaðra, allt annað hafa fatlaðir þurft að sækja sjálfir.
- Björn Maríus Jónasson spurðist fyrir um málefni Íslenskrar Getspár, hafi komið fram einhver svör um framtíð Getspár?
- Hafsteinn Pálsson þingforseti sagði um málið að Innanríkisráðherra ætli að skipa nefnd til að skoða þessi mál. Þar af leiðandi verði erfitt að þegja um málið.
- Jósep Sigurjónsson úr Akri lagði til að þingið myndi álykta um málefni Íslenskrar Getspár.

- Þingforseti lagði til að 3 fulltrúar myndu setja saman ályktun og gert yrði þinghlé vegna þessa.
- Arnór Pétursson vildi að þingið fæli Stjórn ÍF að senda frá sér ályktun.
- Hafsteinn Pálsson sagði það sterkari leik ef ályktunin kæmi frá þingi en frá stjórn.
- Þinghlé meðan ályktun var samin.
- Þing hefst aftur.
- ÞÁH gerði grein fyrir ályktuninni.

Ályktun frá 15. Sambandsþingi Íþróttasambands fatlaðra

15. Sambandsþing Íþróttasambands fatlaðra haldið á Hótel Selfossi 2. Apríl 2011 lýsir áhyggjum sínum vegna hugmynda um að taka upp og breyta lögum og reglum varðandi lottó (Íslensk Getspá).

Íþróttahreyfingin má ekki við frekari skerðinu á tekjum til starfseminnar og fer þingið fram á að ríkisvaldið tryggji óbrett eignarhald að Íslenskri Gesspá.

Jafnframt hvetur þingið ríkisvaldið til að auka fjárveitingar til þess mikla sjálfbóðaliðastarfs sem íþróttahreyfingin vinnur í þágu þjóðarinnar.

Samþykkt samhljóða að senda til Innanríkisráðherra, Mennta og menningarmálaráðherra og til fjölmiðla.

Samþykkt samhljóða

- Jósep Sigurjónsson vildi leggja fram drög að lagabreytingum.
9. grein laga: Að taka út að formenn aðildarféлага geti ekki setið í stjórn ÍF rétt eins og gert var með varaformenn féлага.
- Hafsteinn Pálsson beindi þeim tilmælum til verðandi stjórnar ÍF að huga bæri að þessum þætti.
- Umræðum lokið.

13. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla.

14. Ákveðið gjald ævifélaga

Vísað til stjórnar – samþykkt samhljóða

SÁL, leggur til að verði áfram að vísað verði til stjórnar og leggur til að þessi liður verður felldur niður. Þingfulltrúar veiti samþykki sitt að stjórn ÍF

Vísað til stjórnar – samþykkt samhljóða

15. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna reikninga, fulltrúa á íþróttahæðing ÍSÍ.

- Svava Árnadóttir, tók til máls. Flutti þakkaræðu, Kveðja í budnu máli.

Bula v/ÍF

Þegar ég uppgötvaði að seta mín í stjórn ÍF væri orðin 21 ár þá ákvað ég að kominn væri tími að standa upp úr stólum fyrir yngra fólk með hugmyndir og kraft sem þyrfti að nota fyrir ÍF.

Veröldin er full af vonum,
margt er sér til gamans gert.
Stjórnast best af kænum konum,
en það er ekki allt opinbert.
(Höfundur ókunnur)

Enginn veit sína ævi fyrir en öll hún er,
einhvern veginn sannaðast þetta á mér.
Á Laugarvatn í spriklskólann lagði leið,
í leyni plottuðu örlögin og lífið beið.

Því áður en ég vissi ólétt orðin var,
og áætlanir breyttust þá til framtíðar.
Fyrsta barnið fatlað, svo ég fór á stjá,
í framkvæmdaráði hjá styrktarfélagi svei mér þá.

Í Öskjuhlíðarskóla aðal fjörið fann,
þar félag foreldranna fjölmargt starfið vann.
Íþróttir fyrir fatlaða varð mitt aukastarf,
nú afhendi ég öðrum þennan mikla arf.

Í Asparstjórn hafði starfað í fjölmörg ár,
hef staðið mína pligt í þrjátíu ár.
Elska skíði og frjálssar, einnig boccia,
allt hefur þetta verið mikil lexía.

Prins Póló í byrjun fundar passar mér
þrjál á tyllidögum í lagi er.
Enginn verður ofalinn af veitingum,
sem erfiða og strita á stjórnarfundunum.

Já kæru vinir og félagar að lokum

Lifa – elska – óska - fá
una – dreyma - hljóta
hlæja – gleðjast – hrífa - þrá
heilsa – faðma – njóta.

Nú er mál að hlusta eftir tímans tifi .
ÍF lengi lifi.

- Jósep Sigurjónsson, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir stöfrum nefndarinnar en aðrir í nefndinni voru, Júlíus Arnarson og Harpa Björnsdóttir.
- Fyrir lá að tvær konur gæfu ekki kost á sér, í framhaldi af því fór bréf til félaganna um að fólk gæti kost á stjórn á sér. Þessar tillögur bárust:
Margrét Kristjánsdóttir í stjórn
Guðlaugur Ágústsson
Matthildur Kristjánsdóttir í varastjórn
Arnór Pétursson í sæti varformanns
- Tillaga uppstillingarnefndar
Sveinn Áki Lúðviksson kjörinn formaður

- Tillaga uppstillinganefndar um varaformann er:
Þórður Árni Hjaltested varaformaður
- Hafsteinn Pálsson spurði þingheim hvort fleiri gæfu kost á sér:
Ísleifur: ÍFR tilnefnir Arnór Pétursson í stól varaformanns, vill halda tillögunni áfram frá stjórn ÍFR .
Ísleifur sagði frá Arnóri.
- ÞÁH gerði grein fyrir sjálfum sér.
- Gengið til kosninga um varaformann
- Örstutt hlé
- Úrslit kosninga:
Þórður Árni 37 atkvæði
Arnór 8 atkvæði
1 atkvæði ógilt.
ÞÁH réttkjörinn nýr varaformaður ÍF
- Tillaga uppstillinganefndar til aðalstjórnar:
Jóhann Arnarson
Jón Heiðar Jónsson
Ólafur Þ. Jónsson
Rétt kjörnir
- Tillaga uppstillinganefndar til varastjórn.
Guðlaugur Ágústsson
Gunnar Einar Steingrímsson
Margrét Kristjánsdóttir
- Ísleifur Bergsteinsson lagði fram tillögu um Matthildi Kristjánsdóttur í varastjórn ÍF.
Ísleifur sagði frá Matthildi.
- Ólafur Ólafsson úr Ösp gerði grein fyrir Margréti.
- Gunnar Einar Steingrímsson gerði grein fyrir sjálfum sér.
- Þór Jónsson gerði grein fyrir Guðlaugi Ágústssyni.
- Niðurstaða atkvæðagreiðslu:
Guðlaugur Ágústsson 38 atkvæði
Margrét Kristjánsdóttir 37 atkvæði
Gunnar Einar Steingrímsson 33 atkvæði
Matthildur Kristjánsdóttir 30 atkvæði
- Rétt kjöin í varastjórn eru:

Guðlaugur Ágústsson

Gunnar Einar Steingrímsson

Margrét Kristjánsdóttir

- Hilmar Alfredsson og Guðlaugur Guðmundsson voru réttkjörnir endurskoðendur reikninga.

16. Kosnir fulltrúar í Ólympíu- og afreksráð

Ólafur Eiríksson réttkjörinn í ólympíu- og afreksráð.

Fulltrúar á íþróttaping ÍSÍ. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að vísa vali þeirra til stjórnar ÍF.

Mistök um að kjósa eigi 3 í dómstól, var tekið út fyrir 2 þingum, þessi liður fellur niður og ber að taka út úr þinggerð sem og leiðrétta Handbók ÍF.

17. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar

- Riturum var falið að ganga frá þingfundargerðum í samstarfi við stjórn og skrifstofu Íþróttasambands Fatlaðra

18. Þingslit

- Fráfarandi varaformaður Camilla Th. Hallgrímsson tók til máls og þakkaði fyrir öll góðu árin og kvaðst myndu fylgjast áfram með starfi sambandsins.
 - Sveinn Áki Lúðviksson, þakkaði fyrir endurkjörið. Hann óskaði nýkjörinni Stjórn ÍF til hamingju og sagði mikla eftirsjá í þeim Svövu og Camillu.
 - Hafsteinn Pálsson, þakkaði þingfulltrúum fyrir ánægjulegt og farsælt þing og sleit því næst þinginu.
-

Hafsteinn Pálsson
Þingforseti

Jón Björn Ólafsson
Þingritari

Kristín Guðmundsdóttir
Þingritari